

Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir

Ég hóf nám í iðjubjálfun í janúar 1984 í Þrándheimi í Noregi. Aðdragandi þess var að ég var nemandi á Heilsugæslubraut í Fjölbraut í Breiðholti. Eitt sinn kemur til mín einn af kennurum námsbrautarinnar og segir “þú átt að fara í iðjubjálfun”. Ég hafði aldrei heyrt um þetta fag og spurði hana aðeins um þetta, hún taldi að þar sem ég væri svona “skapandi” og “líflæg” ætti ég heima þarna (held að henni hafi fundist ég frekar óstýrlát).

En upprá þessu fór ég að kynna mér iðjubjálfun og leist svona ansi vel á. Útskrifaðist síðan sem iðjubjálfi jólin 1986 og verð henni Guðrúnu, gamla kennaranum mínum, ævinlega þakklát fyrir þetta innlegg (hef nú stundum velt því fyrir mér hvað hún vissi um fagið ...).

Eftir að ég útskrifaðist hef ég aflað mér víðtækrar reynslu. Það er einmitt eitt af því sem er svo heillandi við fagið að starfsviðið er svo breitt og möguleikarnir óþrjótandi. Ég vann í nokkur ár í Noregi bæði í Þrándheimi og í Norður Noregi við endurhæfingu einstaklinga. Hér heima hef ég unnið á Grensás, Borgarspítalanum, Greiningar- og Ráðgjafarstöð ríkisins, hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, á MS heimilinu, á Heilbr.stofnun Þingeyinga á Húsavík og nú starfa ég á Æfingarstöð lamaðra og fatlaðra í Hf.

Öll reynsla er mikilvæg en sú reynsla sem stendur upp úr, er vinnan mín á Húsavík. Þar voru ekki mikil kynni af iðjubjálfun áður en ég kom þangað árið 2001 en núna 7 árum síðar, vinna þar 5 iðjubjálfar. Afar ánægjuleg þróun. Það var gaman að vera hálfgerður brautryðjandi fyrir fagið og ég man þessa tilfinningu hvað mér fannst fólk vera þakklátt fyrir þjónustuna. Allt í einu var eins og starfið mitt væri meira virði en áður. Það var líka ótrúleg upplifun að keyra um í snjó og byl og vera að leita að einhverjum sveitargrunnskóla og halda ég væri löngu villt en svo allt í einu finna hann og ganga inn í skólann og hitta fullt af yndislegu fólki. Þetta var ógleymanleg reynsla og hvet ég alla sem möguleika hafa til að prófa að búa út á landi og starfa þar.

Annað sem stendur upp úr er að hafa verið þátttakandi í að byggja upp starfsendurhæfinguna Byr á Húsavík sem heitir núna starfsendurhæfing Norðurlands. Að eiga þátt í að efla fólk til þátttöku á nýjan leik og rjúfa vítahring einangrunar er virkilega gefandi starf. Fyrir utan það, hversu gaman er sem iðjubjálfi að vinna með mörgum ólíkum faghópum.

Það er gott að vera iðjubjálfi, mörg ólík störf í boði og góðir möguleikar á framhaldsnámi. Undanfarin ár hef ég verið í framhaldsnámi í Heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri, nám sem ég get hiklaust mælt með.

